

## Svar

### utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Einari Brynjólfssyni um samninga ráðuneytisins og undirstofnana þess við sveitarfélög.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða samningar ráðuneytisins og undirstofnana þess við sveitarfélögin voru í gildi 1. apríl 2017, hvaða samningar milli þessara aðila runnu út á tímabilinu 1. janúar 2006 til og með 1. apríl 2017 og eftir hvaða samningum var enn greitt 1. apríl 2017 þótt gildistími þeirra væri liðinn? Óskað er eftir stuttri lýsingu á efni hvers samnings fyrir sig.*

Gildandi samningar ráðuneytisins við sveitarfélög eru eftirfarandi:

- a. Húsaleigusamningur, ótímabundinn, frá 1. maí 2016 við Sveitarfélagið Skagafjörð vegna starfsemi skjalasafns.
- b. Lóðarleigusamningur, ótímabundinn, frá 1. júlí 1985 við Bolungarvíkurkaupstað vegna reksturs ratsjárstöðva.